

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 12. september kl. 10:35 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1226. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík.

Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Músson, Edda Þórsdóttir, Kristín B. I. Sverrisdóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigurður Stefán Karlsson.
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Álfabakki 2A - USK23080010 Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús, tveggja hæða að hluta, klætt steinullarsamlökueiningum og málmklæddu yfirborði á lóð nr. 2 við Álfabakka.
Stærð, A-rými: 10.764,2 ferm. 75.545,7 rúmm.
B-rými: 357,2 ferm.
Samtals: 11.121,4 ferm., 76.898,3 rúmm.
Erindi fylgir brunahönnun dags. 20. júlí 2023, mæliblað dags. 23. mars 2023, hæðarblað dags. 8. júlí 2023 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 2. ágúst 2023.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.
2. Álfabakki 6 - USK23080045 Sótt er um leyfi til að innrétta vínúð í rými 0104 í verslunarhúsi á lóð nr. 6 við Álfabakka.
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Bergstaðastræti 20 - USK23070036 Sótt er um leyfi til að reisa óeinangrað og óupphitað gróðurhús á steiptum sökklí á norðvesturhluta lóðar, með 3 metra fjarlægð frá lóðarmörkum á lóð nr. 20 við Bergstaðastræti. Ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Lagfæra skráningu.
4. Bitruháls 2 - USK23070187 Sótt er um stöðuleyfi fyrir tvo gáma, 20" og 40", á lóð nr. 2 við Bitruháls. Samþykki lóðarhafa dags. 8. september sl. fylgir erindi.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
5. Bitruháls 2 - USK23080154 Sótt er um stöðuleyfi fyrir fjóra 40" gáma á lóð nr. 2 við Bitruháls. Samþykki lóðarhafa dags. 8. september fylgir erindi.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

6. Borgartún 6 - USK23080136 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058905, með síðari breytingum BN060294, BN061321, BN061657 og BN061680, þannig að eldvarnarmarkeringar, sem láðist að fjarlægja þegar fallið var frá kröfum vegna sambrunahættu á gluggum, sbr. erindi BN061680, þar sem áður var gert ráð fyrir svölum, eru fjarlægðar á suðurhlíð 4. hæðar í húsi á lóð nr. 6 við Borgartún.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

7. Brynjólfsgata 5 - USK23040181 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 5 við Brynjólfsgötu.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Lagfæra skráningu.

8. Brúnavegur 12 - USK23080165 Sótt er um leyfi til að stækka svalir og setja heitan pott við hús á lóð nr. 12 við Brúnaveg.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

9. Bæjarflöt 19D - USK23070164 Sótt er um leyfi fyrir breytingu á innra skipulagi húss á lóð nr. 19D við Bæjarflöt.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Bíldshöfði 9 - USK23070165 Sótt er um leyfi til að breyta mhl. 01 með því að innrétta rými 0106 og setja nýja inngangshurð á vesturhlíð húss nr. 9 við Bíldshöfða. Yfirlit breytinga fylgir erindinu.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

11. Dugguvogur 19 - USK23070153 Sótt er um leyfi til að innrétta rými 0113 fyrir hárgreiðslustofu í húsi nr. 19 við Dugguvog.
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. Dugguvogur 46 - USK23060257 Sótt er um leyfi til að byggja göngubrú með stiga- og lyftuturnum beggja vegna, úr forsmíðuðum stáleiningum yfir Sæbraut frá mótum Snekkju- og Barðavogar yfir á lóð nr. 46 við Dugguvog.
Erindi var grenndarkynnt frá 21. júlí 2023 til og með 21. ágúst 2023. Engar athugasemdir bárust.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

13. Fellsmúli 28 - USK23050254 Sótt er um leyfi til að fjarlægja milliloft og skýli á lóð, innrétta skrifstofur, lager, spennistöð og bílapvottastöð ásamt því að stækka glugga á norðurhlíð mhl. 03 á lóð nr. 28 við Fellsmúla.
Minnkun, milliloft: 199,1 ferm.
Skýli á lóð: 44,3 ferm

Eftir breytingar: 2.743,9 ferm., 13.192,9 rúmm.
Gjald kr. 14.000.. USK23050254

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. Fjólugata 19 - USK23070089 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055935 vegna lokaúttektar þannig að útfærslu á uppbyggingu á kvisti hefur verið breytt og bílastæðum fjölgað í þrjú á lóð nr. 19 við Fjólugötu.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði 5. júní 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. september sl. fylgir erindi.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7 september 2023.

15. Gefjunarbrunnur 6 - USK23080233 Sótt er um leyfi fyrir tvíbýlishús á lóð nr. 6 við Gefjunnarbrunn.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

16. Gefjunarbrunnur 8 - USK23080249 Sótt er um breytingar á erindi BN061809. Þar sem breytingar eru gerða á ytra útliti húss á lóð nr. 8 við Gefjunnarbrunn.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

17. Gjúkabryggja 10 - USK23070143 Sótt er um leyfi til þess að byggja alls 103 íbúðir í fjórum 3 til 4 hæða húsum með geymslum í kjallara og sameignlegri bílageymslu á lóð nr. 10 við Gjúkabyggð.

Stærð alls: 11.518.9 ferm., 31.834.2 rúmm.

Þar af bílakjallari: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Nýtingarhlutfall: 1.92

Erindi fylgir ódagsett greinargerð hönnuðar og brunahönnuðar Lotu ehf, mæliblað 4.022.2 dags 9. mars 2022 og hæðablað í skoðun dags. 2. desember 2020.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Grensásvegur 24 - USK23030024 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055716 þannig að viðbygging er stækkuð og hækkuð til suðurs við gistiheimili í flokki II, teg.b., fyrir 26 gesti, mhl.01 á lóð nr. 24 við Grensásveg. Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum stimpluðum 21. janúar 2020, lóðarblað, afrit umsagnar skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar dags. 1. apríl 2022

Erindi tekið fyrir á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 21. júlí sl. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Grensásvegi 22 og Heiðargerði 65, 63, 61

og 59, frá 14. júní 2023 til og með 12. júlí 2023. Engar athugasemdir bárust
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Hagamelur 25 - USK23090036 Sótt er um leyfi til þess að gera kvist og svalir á vesturgafli íbúðhúss á lóð nr. 25 við Hagamel.
Stækkun xx.x ferm., xx.x rúmm.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Hringbraut 50 - BN060000 Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi á 1. hæð og í kjallara í mhl. 06, 05 og 04, á lóð nr. 50 við Hringbraut.
Gjald kr. 12.100.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Hverfisgata 32 - USK23060349 Sótt er um leyfi til að innrétta verslun og veitingastað í flokki II, teg. kaffihús fyrir 30 gesti í rými 0102 og 0202 í húsi á lóð nr. 32 við Hverfisgötu.
Erindi fylgir samþykki eiganda fyrir samnýtingu starfsmannaaðstöðu dags. 26. júní 2023 og samþykki eiganda fyrir innréttingu veitingastaðar dags. 27. júní 2023.
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

22. Hverfisgata 92A - USK23080178 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052439 v/lokaúttektar þannig að kjallari er einangraður að innan og brunatjald að aðliggjandi kjallara er fjarlægð í húsum á lóð nr. 92A við Hverfisgötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

23. Hólmaslóð 6 - USK23060001 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, setja lyftu og stigagang, ásamt endurnýjun á gluggum og hurðum í útvegg í mhl. 01 í húsi nr. 6 við Hólmaslóð.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa vegna skiltis.

24. Höfðabakki 7 - USK23050249 Sótt er um leyfi til að innrétta hluta húss að innan, settir nýir gluggar og útihurðir, bætt við lyftu, lækka jarðveg, koma fyrir gluggum á kjallara, byggja hjólageymslu, útbúa aðkeyrslu rampa á norðurhlið auk þess sem húsið verður hækkað um 2,5, m. í húsi nr. 7 við Höfðabakka. Eftir stækkun: 1356,6 ferm., 21352,5 rúm. Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

25. Ingólfsstræti 21B - USK23010007 Sótt er um leyfi til að innrétta vinnustofu í kjallara, í mhl. 01, í húsi á lóð nr. 21B við Ingólfsstræti.
Erindi fylgir skýringarmynd f. skráningartöflu dags. 1. desember 2022, virðingagjörð dags. 2. janúar 1942 og bréf hönnuðar dags. 2. febrúar 2023.
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

26. Jöfursbás 9 - USK23080218 Sótt er um breytingu á erindi BN059396, hækkun húss á lóð nr. 9a við Jöfurbás.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

27. Jöfursbás 9 - USK23060272 Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús á kjallara, að hluta steinsteypt og að hluta úr forsmíðuðum einingum, einangrað og klætt að utan báruðu og sléttu áli, með 27 íbúðum, mhl. 03, á lóð nr. 9c við Jöfursbás.

Stærð, A rými 2.190,8 ferm. B rými 155,4 ferm. Brúttórúmmál 6.953,9.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

28. Kirkjusandur 2 - USK23080067 Sótt er um leyfi til að rífa skrifstofuhús, mhl. 07 á lóð nr. 2 við Kirkjusand.

Niðurrif, F2016814, merkt 07 0101, 6.916,1 ferm. 25.200,8 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit yfir flokkun framkvæmdaúrgangs ódagsett.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

29. Kóngsbakki 4 - USK23070123 Sótt er um leyfi til að klæða austurhlið og vesturgafi með 2mm sléttri áklæðningu á húsi nr. 4 við Kóngsbakka. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. september sl. fylgir erindi.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

30. Laugavegur 143 - USK23070246 Sótt eru um leyfi til að gera svalir út frá hverri íbúð / hæð og breyta núverandi gluggum í hurðir, auk þess eru teikningar innanhúss uppfærðar með smávægilegum breytingum sem hafa verið gerðar á baðherbergjum og eldhúsum allra íbúðanna frá því sem er á upphaflegum gildum aðaluppdráttum af húsinu. Að öðru leiti er skipulag innanhúss óbreytt. Útlit byggingarinnar er óbreytt frá gildum aðaluppdráttum nema gluggar hafa verið endurgerðir í samræmi við upphaflegar teikningar af húsinu. Á baklóð hússins er gert ráð fyrir 3 bílastæðum, einu fyrir hverja íbúð í húsi nr. 143 við Laugarveg. Erindinu fylgir samþykki allra eiganda dags. 24. apríl 2023 og álit Minjastofnunar dags. 22. ágúst 2023.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Lagfæra skráningu.

31. Logafold 32 - USK23080170 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að útgrafið sökklarymi hefur verið innréttað og gerður garðskáli, svalir og gluggar í húsi á lóð nr. 32 við Logafold.

Stækkun: Frá 211,8 ferm. í 353,7 ferm. og frá 698,8 rúmm. í 1173,9 rúmm.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Lyngháls 1 - USK23080167 Sótt er um stöðuleyfi til að setja upp gámatjald á lóð nr.1 við Lynghálsi.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Norðlingabraut 14 - USK23050145 Sótt er um leyfi til þess að setja nýja vöruhúð á vesturhlíð 2. hæðar í iðnaðarhúsi á lóð nr. 14 við Norðlingabraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 20. febrúar 2007.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Rafstöðvarvegur 31 - USK23070140 Sótt er um leyfi til að breyta 17,6 m² verönd við vesturgafli sem skráð er sem sameign í 22,0 m² svalir og skráð sem eign 01-0101, í húsi nr. 31 við Rafstöðvarveg. Samþykki annarra eiganda fylgir erindinu dags. 06.júlí 2023. Gjald kr.14.000.. USK23070140

Frestað. Lagfæra skráningu.

35. Rauðarárstígur 27 - USK23030371 Sótt er um leyfi til að innréttar 18 íbúðir á 2., 3. og 4. hæð, fjölga fasteignum og byggja hjóla- og vagnaskýli austan við hús á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa (SN21609) dags. 4. nóvember 2021, greinargerð brunahönnuðar dags. 28. mars 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí 2023.

Stækkun, Mhl. 02, A-rými: 28,7 ferm., 81,8 rúmm., B-rými: 15,6 ferm.

Stærð eftir breytingar,

Mhl. 01, A-rými: 2.129 ferm., 6.558,5 rúmm. , B-rými: 118,6 ferm.

Mhl. 02: 28,7 ferm., 81,8 rúmm., B-rými: 15,6 ferm.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.

36. Skriðustekkur 29 - USK23070200 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri viðbyggingu við einbýlishús á lóð nr. 29 við Skriðustekk.

Áður gerð stækkun: 28 ferm., 87,3 rúmm.

Jafnframt er erindi BN057718 dregið til baka.

Erindi fylgir minnisblað hönnuðar dags. 7. september 2023 og húsaskoðun byggingarfulltrúa dags.5. september 2023.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

37. Skútuvogur 11 - USK23080217 Sótt er um leyfi fyrir breytingu á innra skiplulag í lagerrými við lóð nr. 11 við Skútuvogi.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.
38. Snorrabraut 29 - USK23080011 Sótt er um leyfi fyrir ísbúð í húsi á lóð nr. 29 við Snorrabraut.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.
39. Stórhöfði 15 - USK23040005 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi á 4. hæð og tilheyrandi millilofti í áfangaheimili fyrir alls 21 einstakling og koma fyrir hringstiga sem flóttaleið við vesturhlið skrifstofu- og verslunarhúss á lóð nr. 15 við Stórhöfða.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa fyrir notkunarbreytingum dags. 26. nóvember 2019 og yfirlit breytinga á afriti af eldri samþykktum aðaltekningum.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.
40. Sundlaugavegur 24 - BN061113 Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, gera sér íbúð í risi, hækka þak, gera glugga og kvisti á austur- og vesturþekju íbúðarhúss á lóð nr. 24 við Sundlaugaveg.
Stækkun 54.5 ferm., 87.8 rúmm.
Erindi fylgir afrit af samþykki meðlóðarhafa dags. 31. maí 2022, ritað á A4 afrit af teikningu Basalts arkitekta nr. 1_01_01_01, dags. 25. maí 2022, skýringarteikning Basalt arkitekta nr. 1_01_01_03 dags. 22. maí 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaltekningum samþykktum 11. janúar 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2022.
Gjald kr. 12.600.

Frestað. Vísað til athugasemda.
41. Suðurlandsbraut 4A - USK23060331 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á veitingastað í flokki II á lóð nr. 4A við Suðurlandsbraut.
Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 22. ágúst 2023.
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu til að samþykktin öðlist gildi.
42. Tjarnargata 10 - USK23060183 Sótt er um leyfi til að setja nýjar svalir á íbúðir 0202, 0302 og 0402, auk þess eru svalir 0501 minnkaðar og svalir á íbúð 0502 eru stækkaðar í húsi nr. 10 við Tjarnargötu. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir en grenndarkynna þarf málið þar sem ekki er til deiliskipulag yfir hverfið.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Tunguvegur 5 - BN060701 Sótt er um leyfi til þess að opna á milli stofu og eldhúss með því að gera gat í burðarvegg í íbúð 0101 í íbúðarhúsi á lóð nr. 5 við Tunguveg. Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 6. mars 2022, yfirlýsing frá meðlóðarhafa og eiganda íbúðar 0001 dags. 24. júlí 2023 og samþykki meðeigenda dags. 8 mars 2022.
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

44. Vatnsmýrarvegur 16 - USK23070135 Sótt er um stöðuleyfi fyrir hjólagám á lóð nr. 16 við Vatnsmýrarveg.
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

45. Vesturgata 3 - USK23020049 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046742 vegna lokaúttektar, þ.e. staðsetning á sorpi, innra skipulagi kjallara, 2. og 3. hæða, auk þess að breyta útliti suðurhliðar mhl nr. 01, á lóð nr. 3 við Vesturgötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

46. Þórunnartún 2 - USK23070226 Sótt er um leyfi til að gera breytingar innanhúss á 3. hæð vegna notkunarbreytingar í húsi nr. 2 við Þórunnartún. Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Helgugrund 4 - USK23070016 Spurt er hvort það þurfi að sækja um leyfi til að breyta bílageymslu þannig að bílskúrshurð verði að glugga í húsi nr. 4 við Helgugrund.

Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.

48. Klapparstígur 11 - USK23080003 Spurt er hvort leyfi fengist fyrir þegar gerðum breytingum sem felst í að fjölga eignum og breyta ósamþykktri íbúð 0202 í tvær minni íbúðir í íbúðarhúsi á lóð nr. 11 við Klapparstíg.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

49. Suðurgata 7 - USK23070188 Spurt er hvort leyfi fengist til þess að breyta rými 0102 í íbúð í húsi, mhl.02, á lóð nr. 7 við Suðurgötu.

Afgreitt. Með vísan í leiðbeiningar á athugasemdablaði.

Fundi slitið kl. 14:35

Nikulás Úlfar Másson

Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Kristín B. I. Sverrisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson